

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 427/2014****2017/EES/40/23****frá 25. apríl 2014****um að koma á aðferð til að viðurkenna og votta nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá léttum  
atvinnuökutækjum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 12. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í því skyni að stuðla að þróun og skjótri upptöku á nýrri og háþróaðri tækni til að draga úr losun koltvísýrings frá ökutækjum veitir reglugerð (ESB) nr. 510/2011 framleiðendum og birgjum möguleika á að sækja um viðurkenningu á tiltekinni nýsköpunartækni, sem stuðlar að því að draga úr losun koltvísýrings frá nýjum léttum atvinnuökutækjum. Því er nauðsynlegt að skýra viðmiðanirnar til að ákvarða hvaða tækni ætti að teljast hæf sem vistvæn nýsköpun samkvæmt þeirri reglugerð.
- 2) Rétt þykir að taka tillit til þeirrar reynslu sem fékkst við upptöku á áætlun fyrir nýsköpunartækni fyrir fólksbifreiðar samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011 <sup>(2)</sup> og nota sömu hæfisviðmiðanir fyrir létt atvinnuökutækni. Þó ætti að gera greinarmun á léttum atvinnuökutækjum sem eru framleidd og gerðarviðurkennd í mörgum þrepum. Fyrir þau ökutækni þykir rétt að takmarka vottun á losun koltvísýrings við vistvæna nýsköpun sem sett er upp í grunnökutækinu.
- 3) Samkvæmt c-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011, þá telst sú tækni, sem er hluti af samþættri stefnu Sambandsins sem tilgreind er í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 7. febrúar 2007 <sup>(3)</sup> sem hefur verið reglufest í lögum Sambandsins, eða önnur tækni sem er lögboðin samkvæmt lögum Sambandsins, ekki hæf sem vistvæn nýsköpun samkvæmt þeirri reglugerð. Til þessarar tækni teljast m.a. vöktunarkerfi fyrir hjólbarðaprýsting, snúningsmótstaða hjólbarða og grískiptivísar sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 <sup>(4)</sup> og, að því er varðar snúningsmótstöðu hjólbarða, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 <sup>(5)</sup>.
- 4) Tækni, sem hefur þegar verið almennt fánleg á mörkuðum í nokkurn tíma, getur ekki talist nýsköpun í skilningi 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 og ætti því ekki teljast hæf sem vistvæn nýsköpun. Til að tryggja fullt samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2011 þykir rétt að kveða á um að einungis tækni sem hefur verið sett upp í 3% eða færri af öllum léttum atvinnuökutækjum sem skráð voru á árinu 2009 ætti að teljast hæf sem vistvæn nýsköpun. Þessi viðmiðunarmörk ættu að vera háð endurskoðun eigi síðar en árið 2016.
- 5) Í því skyni að efla þá tækni sem hefur mestu möguleikana á því að draga úr losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum, einkum þróun nýrrar knúningstækni, ætti sú tækni aðeins að teljast hæf sem tengist eiginlegu hlutverki ökutækisins að því er varðar flutninga og stuðlar verulega að því að bæta heildarorkunotkun ökutækisins. Tækni sem stuðlar að því markmiði eða miðar að því að auka þægindi ökumanns eða farþega, ætti ekki að teljast hæf.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 26.4.2014, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2017 frá 16. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011 frá 25. júlí 2011 um að koma á aðferð til að viðurkenna og votta nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (Stjtið ESB L 194, 26.7.2011, bls. 19).

(3) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar COM(2007) 19, lokagerð — Niðurstöður endurskoðunar á áætlun Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum og orðsending framkvæmdastjórnarinnar COM(2007) 22, lokagerð — Samkeppnishæfur reglurammur fyrir vélknúin ökutækni á 21. öldinni.

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutækni og efturvagna þeirra og kerfi, fhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutækni, með tilliti til almenns öryggis (Stjtið ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 frá 25. nóvember 2009 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðrar nauðsynlegar kennistærðir (Stjtið ESB L 342, 22.12.2009, bls. 46).

- 6) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 510/2011 geta bæði framleiðendur og birgjar lagt inn umsóknir. Umsóknin ætti að innihalda nauðsynlegar sannanir fyrir því að hæfisviðmiðanir séu uppfylltar, þ.m.t. sú aðferðafræði sem notuð er til að mæla þann koltvísýringssparnað sem nýsköpunartækni hefur í för með sér.
- 7) Það ætti að vera mögulegt að mæla koltvísýringssparnaðinn vegna vistvænnar nýsköpunar með fullnægjandi nákvæmni. Slíkri nákvæmni er einungis hægt að ná þegar sparnaðurinn er 1 g af koltvísýringi á kílómetra eða meiri.
- 8) Ef koltvísýringssparnaður vegna tiltekinnar tækni veltur á hegðun ökumanns eða öðrum þáttum sem eru á ekki á valdi umsækjanda, ætti sú tækni að jafnaði ekki að teljast hæf sem vistvæn nýsköpun nema unnt sé, á grundvelli sterkra og óháðra tölfraðilegra vísbendinga, að draga sannprófanlegar ályktanir um hegðun hins almenna ökumanns.
- 9) Staðlaða prófunarlotan, sem notuð er til gerðarviðurkenningarmælinga á koltvísýringslosun frá ökutæki, sýnir ekki allan þann sparnað sem hægt er að rekja til tiltekinnar tækni. Til að skapa réttu hvatana til nýsköpunar er aðeins tekið tillit til þess sparnaðar sem fellur ekki undir stöðluðu prófunarlotuna við útreikning á heildarkoltvísýringssparnaði.
- 10) Til að sýna fram á koltvísýringssparnað ætti að gera samanburð á milli sömu ökutækja, með og án vistvænu nýsköpunarinnar. Prófunaraðferðin ætti að gefa sannprófanlegar, endurtakanlegar og samanburðarhæfar mælingar. Í því skyni að tryggja jöfn samkeppnis skilyrði og þar sem samþykkt og raunhæfari aksturslota liggur ekki fyrir, ætti að nota akstursmynstrið í nýju, evrópsku aksturslotunni, sem um getur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 <sup>(1)</sup>, sem sameiginlega viðmiðun. Prófunaraðferðin ætti að byggjast á mælingum á aflmælistamstæðu eða á reiknilíkönum eða hermun ef slíkar aðferðir gefa betri og nákvæmari niðurstöður.
- 11) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja fram viðmiðunarreglur um undirbúning umsóknar og prófunaraðferðir, sem ætti að uppfæra reglulega með hliðsjón af reynslu sem fæst af mati á mismunandi umsóknum.
- 12) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 510/2011 ætti sannprófunarskýrsla frá sjálfstæðum og vottuðum aðila að fylgja umsókninni. Sá aðili ætti að veita tæknilega þjónustu í flokki A eða B eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2007/46/EB <sup>(2)</sup>. Hins vegar, í því skyni að tryggja sjálfstæði aðilans, ætti tækniþjónustan sem tilnefnd er í samræmi við 6. mgr. 41. gr. þeirrar tilskipunar, ekki að teljast sjálfstæður og vottaður aðili í skilningi þessarar reglugerðar. Ásamt sannprófunarskýrslunni ætti umræddur aðili að útvega viðeigandi sönnun um sjálfstæði hans frá umsækjanda.
- 13) Í því skyni að tryggja skilvirka skráningu og eftirlit með tilteknum sparnaði að því er varðar einstök ökutæki, ætti sparnaðurinn að vera vottaður sem hluti af gerðarviðurkenningu ökutækis og heildarsparnaðinn ætti að færa í samræmisvottorðið í samræmi við tilskipun 2007/46/EB.
- 14) Framkvæmdastjórnin ætti að hafa þann kost að sannreyna vottaðan heildarsparnað einstakra ökutækja í hverju tilviki fyrir sig. Þar sem ljóst er að vottaður sparnaður er ekki í samræmi við þann sparnað sem verður vegna ákvörðunar um að viðurkenna tækni sem vistvæna nýsköpun, ætti framkvæmdastjórnin að hafa þann kost að líta fram hjá vottuðum koltvísýringssparnaði við útreikning á sértækri meðaltalslosun koltvísýrings. Framleiðandinn ætti þó að fá ákveðinn tíma til að sýna fram á nákvæmni vottaðra gilda.
- 15) Í því skyni að tryggja gagnsæi í umsóknarferlinu, ætti samantekt upplýsinga að vera aðgengileg fyrir almenning um umsóknir um viðurkenningu á nýsköpunartækni og um prófunaraðferðirnar. Þegar prófunaraðferðirnar hafa verið samþykktar, ættu þær að vera aðgengilegar almenningi. Undantekningar frá rétti um almennan aðgang að skjölum, sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 <sup>(3)</sup> gilda eins og við á.
- 16) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

<sup>(1)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá létum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjútíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og efturvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjútíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjútíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

**Efni**

Í reglugerð þessari eru settar fram aðferðir fyrir umsókn, mat, samþykki og vottun á nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum skv. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011.

## 2. gr.

**Gildissvið**

1. Hvers kyns tækni sem fellur undir gildissvið eftirtalinnna ráðstafana telst ekki vera nýsköpunartækni:
  - a) bætt orkunýtni loftræstikerfa,
  - b) vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 661/2009,
  - c) snúningsmótstaða hjólarða sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 661/2009 og reglugerðar (EB) nr. 1222/2009,
  - d) gírskiptivísar sem falla undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EB) nr. 661/2009,
  - e) notkun á lífeldsneyti.
2. Senda má umsókn, að því er varðar tækni, samkvæmt þessari reglugerð að því tilskildu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
  - a) hún hefur verið sett upp í 3% eða færri allra nýrra léttra atvinnuökutækja sem skráð voru á árinu 2009,
  - b) hún tengist atriðum sem eru eiginleg skilvirkri notkun ökutækisins og samrýmast tilskipun 2007/46/EB.
3. Ef um er að ræða fullbúin ökutæki í áföngum skal aðeins vistvæn nýsköpun, sem sett er upp í grunnökutæki sem er EB-gerðarviðurkennt sem ófullbúið ökutæki, vera tekin til athugunar fyrir vottun á minnkun koltvísýringslosunar skv. 11. gr.

## 3. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „nýsköpunartækni“: tækni eða samsetning tækni með svipaða tæknilega eiginleika (nýsköpunartæknipakki), þar sem hægt er að sýna fram á koltvísýringssparnað með einni prófunaraðferð og þar sem hver einstök tækni myndar samsetningu sem fellur undir gildissviðið sem tilgreint er í 2. gr.,
- 2) „birgir“: framleiðandi nýsköpunartækni sem ber ábyrgð á að tryggja samræmi framleiðslu, viðurkenndur fulltrúi hans í Sambandinu eða innflytjandinn,
- 3) „umsækjandi“: framleiðandi eða birgir sem sendir inn umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun,
- 4) „vistvæn nýsköpun“: nýsköpunartækni ásamt prófunaraðferð sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt í samræmi við þessa reglugerð,
- 5) „sjálfstæður og vottaður aðili“: tæknileg þjónusta í flokki A eða B sem um getur í a- og b-lið 3. mgr. 41. gr. tilskipunar 2007/46/EB, sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 42. gr. tilskipunarinnar, að undanskilinni tækniþjónustu sem tilnefnd er í samræmi við 6. mgr. 41. gr. þeirrar tilskipunar,
- 6) „grunnviðmiðunarökutæki“: ökutæki sem notað er í þeim tilgangi að sýna koltvísýringssparnað af vistvænni nýsköpun með því að bera það saman við ökutæki sem nýsköpunartækni er sett upp í.

## 4. gr.

**Umsókn**

1. Umsókn um viðurkenningu á nýsköpunartækni sem vistvænni nýsköpun skal berast framkvæmdastjórninni skriflega. Umsóknina og öll fylgiskjöl skal einnig senda með tölvupósti eða rafrænum gagnabera eða með upphali á netþjón sem stjórnað er af framkvæmdastjórninni. Í skriflegu umsóknina skal skrá öll fylgiskjöl.

2. Í umsókninni skal eftirfarandi koma fram:
  - a) samskiptaupplýsingar umsækjanda,
  - b) lýsing á nýsköpunartækninni og hvernig henni er komið fyrir í ökutæki, þ.m.t. sönnun þess að tæknin falli undir það gildissvið sem tilgreint er í 2. gr.,
  - c) stutt lýsing á nýsköpunartækninni, þ.m.t. upplýsingar sem styðja að þau skilyrði sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. séu uppfyllt og að prófunaraðferðin sem um getur í e-lið þessarar málsgreinar, verði birt opinberlega við afhendingu umsóknarinnar til framkvæmdastjórnarinnar,
  - d) áætlun um þann fjölda ökutækja sem mögulegt er að útbúa með nýsköpunartækninni, eða eru ætluð til að vera útbúin með henni og áætluð minnkun á koltvísýringslosun þessara ökutækja vegna nýsköpunartækninnar,
  - e) aðferðarfræði sem nota skal til að sýna fram á minnkun á koltvísýringslosun sem næst vegna nýsköpunartækninnar eða tilvísun til viðurkenndu aðferðafræðinnar ef framkvæmdastjórnin hefur þegar viðurkennt hana,
  - f) sönnunargögn sem sýna fram á:
    - i. að minnkun á losun sem næst vegna nýsköpunartækninnar uppfylli þau viðmiðunarmörk sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr., að teknu tilliti til þess að tæknin spillist hugsanlega með tímanum,
    - ii. að nýsköpunartæknin falli ekki undir hina stöðluðu prófunarlotu koltvísýringsmælinga sem um getur í c-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 eins og tilgreint er í 2. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar,
    - iii. að umsækjandinn sé ábyrgur fyrir minnkun koltvísýringslosunar vegna nýsköpunartækninnar eins og tilgreint er í 3. mgr. 9. gr.,
  - g) sannprófunarskýrsla frá sjálfstæðum og vottuðum aðila eins og tilgreint er í 7. gr.

5. gr.

#### **Grunnviðmiðunarökutæki og ökutæki með vistvænni nýsköpun**

1. Í þeim tilgangi að sýna fram á losun koltvísýrings eins og um getur í 8. gr. skal umsækjandi tilnefna:
  - a) ökutæki með vistvænni nýsköpun sem er búið nýsköpunartækni,
  - b) grunnviðmiðunarökutæki sem er ekki búið nýsköpunartækni, en skal að öllu öðru leyti vera nákvæmlega eins og ökutækið með vistvænni nýsköpun.
2. Ef um er að ræða nýsköpunartækni sem sett hefur verið upp í ófullbúið ökutæki, skal grunnviðmiðunarökutækið sem um getur í 1. mgr. endurspegla smíðastig vistvæna nýsköpunarökutækisins.
3. Ef umsækjandi telur að hægt sé að veita þær upplýsingar sem um getur í 8. og 9. gr. án þess að nota grunnviðmiðunarökutæki og ökutæki með vistvænni nýsköpun eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal umsóknin innihalda nauðsynlegar upplýsingar sem réttlæta að niðurstaðan og aðferðafræðin gefi jafngildar niðurstöður.

6. gr.

#### **Prófunaraðferð**

1. Prófunaraðferðin sem um getur í e-lið 2. mgr. 4. gr. skal gefa niðurstöður sem eru sannprófanlegar, endurtakanlegar og sambærilegar. Hún skal sýna fram á með raunhæfum hætti ávinning af minnkun koltvísýringslosunar vegna nýsköpunartækninnar með sterkri, tölfræðilegri marktækni og, þar sem við á, taka mið af víxlverkun við aðra vistvæna nýsköpun.
2. Framkvæmdastjórnin skal birta leiðbeiningar um undirbúning prófunaraðferða fyrir mismunandi mögulega nýsköpunartækni sem uppfyllir viðmiðanirnar í 1. mgr.

7. gr.

#### **Sannprófunarskýrsla**

1. Sannprófunarskýrslan sem um getur í g-lið 2. mgr. 4. gr., skal unnin af sjálfstæðum og vottuðum aðila sem tengist ekki umsækjandanum eða skýrslunni á annan hátt.
2. Að því er varðar sannprófunarskýrsluna skal sjálfstæður og vottaður aðili:
  - a) staðfesta að hæfisviðmið sem tilgreind eru í 2. mgr. 2. gr. séu uppfyllt,
  - b) staðfesta að þær upplýsingar sem kveðið er á um í samræmi við f-lið 2. mgr. 4. gr. uppfylli þær viðmiðanir sem settar eru fram í 9. gr.,

- c) staðfesta að prófunaraðferðin sem um getur í e-lið 2. mgr. 4. gr. sé hæf til að votta koltvísýringssparnað vegna nýsköpunartækninnar fyrir viðkomandi ökutæki, sem um getur í d-lið 2. mgr. 4. gr., og uppfylli þær lágmarkskröfur sem tilgreindar eru í 1. mgr. 6. gr.,
- d) staðfesta að nýsköpunartæknin sé samrýmanleg við þær kröfur sem tilgreindar eru fyrir gerðarviðurkenningu ökutækisins,
- e) lýsa því yfir að hún uppfylli kröfurnar sem tilgreindar eru í 1. mgr.

Að því er varðar c-lið skal sjálfstæður og vottaður aðili leggja fram prófunaraðferðirnar sem settar eru fyrir sannprófunina.

3. Að því er varðar vottun á koltvísýringssparnaði í samræmi við 11. gr. skal hinn sjálfstæði og vottaði aðili, að beiðni framleiðanda, taka saman skýrslu um víxlverkun milli mismunandi búnaðar sem felur í sér vistvæna nýsköpun og settur er í gerð, afbrigði eða útfærslu ökutækis.

Í skýrslunni skal tilgreina koltvísýringssparnað vegna mismunandi vistvænnar nýsköpunar þar sem tekið er tillit til víxlverkunaráhrifa.

4. Ef umsækjandinn byggir umsókn sína á gögnum og forsendum sem framkvæmdastjórnin hefur þegar samþykkt eða eru talin með í leiðbeiningunum sem um getur í 2. mgr. 6. gr., getur sannprófunarskýrslan takmarkast við það að innihalda aðeins prófunaraðferðirnar sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr.

8. gr.

### Sýnt fram á losun koltvísýrings

1. Sýna skal fram á eftirfarandi koltvísýringslosun hjá fjölda ökutækja, sem eru dæmigerð fyrir þau einstöku ökutæki sem tilgreind eru í samræmi við d-lið 2. mgr. 4. gr.:

- a) losun koltvísýrings frá grunnviðmiðunarökutækinu og frá ökutækinu sem er með vistvæna nýsköpunartækni og eru búin nýsköpunartækninni sem er í notkun í kjölfar beitingar aðferðarinnar sem um getur í e-lið 2. mgr. 4. gr.,
- b) losun koltvísýrings frá grunnviðmiðunarökutækinu og frá ökutækinu sem er með vistvæna nýsköpun og eru búin nýsköpunartækninni sem er í notkun í kjölfar beitingu stöðluðu prófunarlotunnar sem um getur í c-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011.

Sýna skal fram á losun koltvísýrings, í samræmi við a- og b-lið í fyrstu undirgrein, við prófunarskilyrði sem eru eins fyrir allar prófanir.

2. Heildarsparnaður fyrir hvert einstakt ökutæki skal vera munurinn milli mismunandi losunar sem sýnt var fram á í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

Ef um er að ræða mun á milli losunar sem sýnt var fram á í samræmi við b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal draga þann mun frá heildarsparnaðinum sem sýnt var fram á í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

9. gr.

### Viðmiðanir um hæfi

1. Lágmarksminnkun sem næst vegna nýsköpunartækninnar skal vera 1 g af koltvísýringi á kílómetra. Þessi viðmiðunarmörk skulu teljast uppfyllt ef heildarsparnaðurinn vegna nýsköpunartækninnar eða nýsköpunartæknipakkans sem sýnt er fram á í samræmi við 2. mgr. 8. gr. er 1 g af koltvísýringi á kílómetra eða meira.

2. Ef heildarsparnaður vegna nýsköpunartækni felur ekki í sér neinn sparnað sem sýnt hefur verið fram á með stöðluðu prófunarlotunni, í samræmi við 2. mgr. 8. gr., skal nýsköpunartæknin eða nýsköpunartæknipakkinn ekki teljast falla undir hina stöðluðu prófunarlotu.

3. Tæknilýsing á nýsköpunartækninni, sem um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr., skal innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að minnkun koltvísýringslosunar vegna tækninnar sé ekki háð stillingum eða valkostum sem umsækjandi hefur ekki stjórn á.

Ef lýsingin er byggð á ályktunum, skulu þær ályktanir vera sannprófanlegar og byggðar á sterkum og óháðum tölfræðilegum gögnum sem styðja þær og hversu vel þær eiga við innan Sambandsins.

10. gr.

### Mat á umsókn um vistvæna nýsköpun

1. Við móttöku umsóknar, skal framkvæmdastjórnin birta opinberlega stutta lýsingu á nýsköpunartækninni og prófunaraðferðinni sem um getur í c-lið 2. mgr. 4. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal meta umsóknina og, innan níu mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar, viðurkenna nýsköpunartæknina sem umhverfissvæna nýsköpun ásamt prófunaraðferðinni, nema andmæli komi fram að því er varðar hæfi tækninnar eða hvort prófunaraðferðirnar séu viðeigandi.

Með þeirri ákvörðun að viðurkenna nýsköpunartæknina sem umhverfissvæna nýsköpun, skal tilgreina þær upplýsingar sem krafist er vegna vottunar á koltvísýringssparnaði í samræmi við 11. gr. þessarar reglugerðar, með fyrirvara um beitingu á undantekningum vegna réttarins á almennum aðgangi að skjölum sem tilgreindur er í reglugerð (EB) nr. 1049/2001.

3. Framkvæmdastjórnin getur krafist breytinga á fyrirhugaðri prófunaraðferð eða notkunar á annarri, viðurkenndri prófunaraðferð en þeirri sem umsækjandi leggur til. Hafa skal samráð við umsækjanda varðandi fyrirhugaða breytingu eða val á prófunaraðferð.

4. Matstímabilið má framlengja um fimm mánuði ef framkvæmdastjórnin telur, vegna þess hversu flókin nýsköpunartæknin og meðfylgjandi prófunaraðferð er, eða vegna umfangs og efnis umsóknarinnar, að ekki sé mögulegt að meta umsóknina á viðeigandi hátt innan níu mánaða matstímabilsins.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna umsækjanda innan 40 daga frá móttöku umsóknarinnar ef framlengja á matstímabilið.

#### 11. gr.

### Vottun á koltvísýringssparnaði vegna vistvænnar nýsköpunar

1. Framleiðandi sem óskar eftir því að njóta ávinnings af minnkun á sértækri meðaltalslosun sinni á koltvísýringi, í þeim tilgangi að uppfylla markmið sitt um sértæka losun með koltvísýringssparnaði vegna vistvænnar nýsköpunar, skal sækja um EB-gerðarviðurkenningarvottorð hjá viðurkenningaryfirvöldum í skilningi tilskipunar 2007/46/EB fyrir fullbúið eða ófullbúið ökutækið sem er búið vistvænni nýsköpun. Umsókn um vottorð skal, auk þeirra skjala sem veita nauðsynlegar upplýsingar sem tilgreindar eru í 6. gr. tilskipunar 2007/46/EB, vísa til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um að viðurkenna vistvæna nýsköpun í samræmi við 2. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar.

2. Vottaður koltvísýringssparnaður vegna vistvænu nýsköpunarinnar, sem sýnt var fram á í samræmi við 8. gr. þessarar reglugerðar, skal tilgreindur sérstaklega bæði í gögnum gerðarviðurkenningarinnar og samræmisvottorði í samræmi við tilskipun 2007/46/EB, á grundvelli prófana sem tæknileg þjónusta framkvæmir í samræmi við 11. gr. þeirrar tilskipunar með viðurkenndri prófunaraðferð.

Ef koltvísýringssparnaður vegna vistvænnar nýsköpunar fyrir ákveðna gerð, afbrigði eða útfærslu er undir viðmiðunarmörkunum sem um getur í 1. mgr. 9. gr., skal ekki votta sparnaðinn.

3. Ef ökutækið er búið fleiri en einni vistvænni nýsköpun, skal sýna fram á koltvísýringssparnað fyrir hverja vistvæna nýsköpun í samræmi við þá aðferð sem sett er fram í 1. mgr. 8. gr. Summa þess sparnaðar sem verður og ákvarðaður er í samræmi við 2. mgr. 8. gr. fyrir hverja vistvæna nýsköpun er heildarkoltvísýringssparnaðurinn að því er varðar vottun ökutækisins.

4. Ef ekki er hægt að útiloka víxlverkun á milli fleiri en einnar umhverfissvænnar nýsköpunar sem komið hefur verið fyrir í ökutæki þar sem þær eru greinilega annars eðlis, skal framleiðandi tilgreina það í umsókninni til viðurkenningaryfirvaldsins og leggja fram skýrslu frá sjálfstæðum og vottuðum aðila varðandi áhrif víxlverkunar þeirra á sparnað vegna vistvænnar nýsköpunar í ökutækinu, eins og um getur í 3. mgr. 7. gr.

Ef þessi víxlverkun veldur því að heildarsparnaðurinn er minni en 1 g af koltvísýringi á kílómetra sinnum fjöldi þeirrar vistvænu nýsköpunar sem er til staðar, skal aðeins taka tillit til þess sparnaðar af umhverfissvænni nýsköpun sem uppfyllir viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 1. mgr. 9. gr. við útreikning á heildarsparnaði í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

#### 12. gr.

### Endurskoðun vottorða

1. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að vottun og koltvísýringssparnaður einstakra ökutækja séu staðfest í hverju tilviki fyrir sig.

Ef framkvæmdastjórnin kemst að því að munur er á milli vottaðs koltvísýringssparnaðar og sparnaðar sem hún hefur staðfest með viðeigandi prófunaraðferð eða aðferðum, skal framkvæmdastjórnin tilkynna framleiðandanum um niðurstöður sínar.

Framleiðandinn hefur 60 daga frá móttöku tilkynningarinnar til að útvega framkvæmdastjórninni gögn sem sýna fram á nákvæmni hins vottaða koltvísýringssparnaðar. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skal leggja fram skýrsluna um víxlverkun milli mismunandi tegunda umhverfissvænnar nýsköpunar sem um getur í 3. mgr. 7. gr.

2. Ef gögnin, sem um getur í 1. mgr., eru ekki lögð fram innan uppgefins tíma eða gögnin teljast ekki fullnægjandi, getur framkvæmdastjórnin ákveðið að taka ekki tillit til hins vottaða koltvísýringssparnaðar við útreikning á sértækri meðaltalslosun framleiðandans fyrir komandi almanaksár.
3. Ef ekki er lengur tekið tillit til vottaðs koltvísýringssparnaðar framleiðanda, getur hann sótt um nýja vottun á viðkomandi ökutækjum samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 11. gr.

*13. gr.*

#### **Birting upplýsinga**

Umsækjandi sem óskar eftir því að upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari reglugerð skuli meðhöndla sem trúnaðarmál, skal réttlæta hvers vegna einhverjar þeirra undantekninga sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 skuli gilda.

*14. gr.*

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. apríl 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---